

FUNDARGERÐ MENNTASVIÐS

Dags. og tími: Fimmtudagur 10. nóvember 2022

Efni fundar: Vinnuteymi um stúku við Kórinn

Fundarstjóri: Gunnar Guðmundsson

Fundarritari: Gunnar Guðmundsson

Þátttakendur: Smári Smárason og Gunnar Guðmundsson frá Kópavogsbæ, Einar H Tómason, Pétur Örn Magnússon og Atli Steinn Árnason frá HK

UMRÆÐUR OG ÁKVARÐANIR:

Vinnufundur:

Til fundarins var boðað til að skoða og teikna upp mögulegar sviðsmyndir varðandi stúkubyggingu og mögulega tengingu við aðra starfsemi. Hugmyndirnar sem voru ræddar eru eftirfarandi:

1. Stúkubygging, sem að hluta til er á 3 hæðum. Stúkubyggingin tengist þjónustukjarna þar sem m. a. gæti hýst verslun og þjónustu ásamt bókasafni, tónlistarskóla eða annarri starfsemi á vegum bæjarins. Ofan á þessum þjónustukjarna væri svo turnbygging með íbúðum 6-8 hæðir. Einnig horft til tengingar við Vallarkór 8.
2. Stúkubygging, sem að hluta til er á 3 hæðum. Stúkubyggingin tengist skólabyggingu (íþróttamenntaskóli). Hægt að notast við núverandi hugmyndir í aðalskipulagi/deiliskipulagi. Einnig horft til tengingar við Vallarkór 8.
3. Einföld stúkubygging sem að hluta til er á 3 hæðum en tengist ekki öðrum mannvirkjum.

SS teiknar upp þessar 3 hugmyndir og kynnir á næsta fundi vinnuhópsins.

Í öllum hugmyndunum er gert ráð fyrir að stúkubyggingin dekki alla austurhlið vallarins, loki norðaustur horninu og loki stórum hluta á endahlið vallarins norðan megin. Austurhlið stúkunar er með þaki en ekki norðurhlið. Gert ráð fyrir að stúkan taki a.m.k 2.500 áhorfendur.

Rætt um mikilvægi þess að gera Kórinn að þjónustumiðstöð fyrir íbúa í efri byggðum, enda ekki mörg önnur svæði sem koma til greina sem slíkur kjarni : „Kórinn er hjartað í efri byggðum“.

Rætt um umferðarmál á svæðinu og þeim möguleika að loka Vallakór við afrein að Krónunni og fram að innkeyrslu að bílastæðahúsi við Vallakór 6b. Aðkoma væri þá eingöngu að svæðinu að sunnanverðu í gegnum Þingmannaleið og Heimsenda.

PÖM kynnti hugmyndir HK að rýmisþörf félagsins í stúkubyggingunni varðandi klefa og aðra aðstöðu sem þeir telja að þurfi að vera til staðar (neðsta hæðinn). Ekki búið að útlista að fullu aðstöðu á 2 efri hæðum stúkunar. PÖM sendir skjalið á vinnuteymið.

Verkefni fyrir næsta fund:

Verkefnalisti:	ábyrgð:	Staða:
PÖM sendir rýmisþörf á GG og SS	PÖM	Í vinnslu
SS teiknar fyrstu hugmyndir fyrir næsta fund.	SS	Í vinnslu
Athuga hvaða fjármundir eru fyrir verkefninu áætlun 2023 varðandi hönnuðarkostnað	GG	Í vinnslu

Næsti fundur: Mánudagur 12. desember 2022 kl. 9:00.